



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
25. eigendafundar Sorpu bs.
Sveinatunga, Garðatorg 7
mánudaginn 7. september, kl. 10:00

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri, Hafnarfirði.
Ásgerður Halldórsdóttir, bærarstjóri, Seltjarnarnesi.
Ármann Kr. Ólafsson, bærarstjóri Kópavogi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Gunnar Einarsson, bærarstjóri, Garðabæ.
Haraldur Sverrisson, bærarstjóri, Mosfellsbæ.

frá stjórn SORPU bs.:

Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.
Bjarni Torfi Ástþórsson, Seltjarnarnesi.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.

Enn fremur sátu fundinn Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri Sorpu bs., Haraldur Flosi Tryggvason ráðgjafi Sorpu bs., Páll Guðjónsson verkefnisstjóri, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Forsendur og fyrstu drög að fjárhagsáætlun Sorpu bs. 2021.

Helgi Þór Ingason, framkvæmdastjóri Sorpu bs., kynnir helstu forsendur fjármálaáætlunar og frávík frá sviðsmyndum sem höfðu áður verið settar upp og áhrif af Covid-19. Fyrsta áfanga fjárhagsáætlunar er lokið en áfram verður unnið að henni og ætti að sú vinna að vera langt komin síðar í þessari viku. Ýmsar leiðir til skoðunar til að ná jafnvægi í fjárhagsáætlun. Urðun hjá stærri viðskiptavinum hefur



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

dregist saman, og úrgangur fer að einhverju leyti í brennslu erlendis sem hefur áhrif á tekjur. Verkefni töfðust nokkuð vegna Covid-19. Verið er að skoða leiðir til að draga úr kostnaði og endurskoða fjárfestingaáætlanir. Einnig er gjaldskrá til skoðunar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2021, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi sem boðað verður til með dagskrá.

2. Vinna starfshóps um mótun heildarlausnar á úrgangsmálum höfuðborgarsvæðisins – staða og framhald.

Páll Guðjónsson verkefnisstjóri kynnir verk- og tímaáætlun sem tekur til eftirtaldrá viðfangsefna:

- a) Tímabundin útflutningur brennanlegs úrgangs.
- b) Framtíðarlausn brennanlegs úrgangs.
- c) Samstarf/sameiginleg svæðisáætlun.
- d) Framtíðarlausn, urðun óvirks úrgangs.
- e) Minnkun úrgangs og sóttspors.
- f) Samræmd flokkun úrgangs.

Ofangreind verkefni hafa verið í vinnslu m.a. á vegum starfshópsins sem lagði til heildstæða aðgerðaáætlun sem samþykktur var á eigendafundi 6. apríl 2020. Fyrir liggur jafnframt að taka ákvörðun um hvort starfshópurinn eigi að vinna málið áfram eða hvort hann hafi lokið sínu starfi og stjórn Sorpu bs. og eigendavettvangur taki við.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Eigendafundur samþykkir að verkefnið verði unnið í samræmi við verk-, tíma og kostnaðaráætlun, og stjórn Sorpu bs. annist verkefnið áfram. Stjórn SSH fjallar frekar um fyrirkomulag liðar e og f hér að framan og með hvaða hætti þau verkefni verði samþætt öðrum.

Þá er óskað eftir frekari og ítarlegri kynningu á næsta eigendafundi á tölfraði úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu og þeim leiðum og lausnum sem nú eru til skoðunar.

3. Kynning á innleiðingaráætlun vegna áframhaldandi vinnu við endurskoðun stjórnarsýslu byggðasamlaganna.

Páll Björgvin, framkvæmdastjóri SSH, kynnir verkefnið til þessa og drög að innleiðingaráætlun sem nú liggur fyrir. Farið yfir helstu þætti sviðsmynda 2a og 2b, og þá tillögu um að greina betur verkefni



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

byggðasamlaganna sem slík svo auðveldara sé að móta framtíðarsýn tengda einstökum sviðsmyndum. Samhliða slíkri greiningu standi til að forma betur tillögur um fulltrúaráð. Í kjölfar þeirrar vinnu verði auðveldara að ákvarða hvaða sviðsmynd verði fyrir valinu. Mikilvægt sé að sameiginleg sýn verði á því hver verkefni eru og hver þeirra eigi hugsanlega að skilja frá byggðasamlögum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er að halda áfram með verkefnið samkvæmt fyrirliggjandi innleiðingaráætlun og með hliðsjón af þeim forsendum sem fram koma í minnisblaði.

4. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.